

Ed.

278. Frumvarp til laga

[132. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 4 jarðir í Neshreppi utan Ennis.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju og Klettsbúð fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis. Ofangreindar jarðir mynda að nokkru leyti land það, sem íbúar Hellissands hafa byggt og byggja íbúðarhús sín á, og að sjálfsgöðu er það ósk hreppsnefndarinnar, að nefndar jarðir ásamt öðrum jörðum, sem einnig mynda land kaupsins og eru í ábúð einstaklinga, verði eign hreppsins. Ábúendur téðra jarða hafa gefið samþykki sitt og mæla með því, að Neshreppi utan Ennis verði gefinn kostur á að eignast jarðirnar, — og fylgir skriflegt samþykki þeirra með sölunni.

Fylgiskjal I.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur ytri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík ytri.

Tryggvi Eðvarðsson.

Fylgiskjal II.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur innri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík innri.

B. S. Benediktsson.

Fylgiskjal III.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Dyngju á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Dyngja.

Björgvin Alexandersson.

Fylgiskjal IV.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Klettsbúðar á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Klettsbúð.

Guðm. Einarsson.